

Sérkjarasamningur

VR og Samtaka atvinnulífsins vegna Ícelandair á Keflavíkurflugvelli um kaup og kjör starfsmanna sem vinna vaktavinnu í farþega- og hleðsluþjónustu félagsins.

Samningur þessi er hluti af aðalkjarasamningi aðila, hefur sama gildistíma og tekur eftirtöldum breytingum:

Almenn launahækkun

Þann 1. nóvember 2022 hækka laun um 6,75%, þó þannig að hámarkshækkun á mánaðarlaun er kr. 66.000.

Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022. Aðrir kjaratengdir hækka um 5% nema um annað hafi verið samið.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf er:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verði orlofsuppbót kr. 56.000.

Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

Reykjavík 12. desember 2022

Fh. VR

F.h. Samtaka atvinnulífsins

vegna Ícelandair Keflavíkurflugvelli

Með fyrirvara um kaup. Ícelandair

ARB

FB

Verkátun

Farþega-
og hlestu
þjónusta

Með framlengingu sérkjarasamnings VR og SA vegna starfsfólks sem vinnur vaktavinnu sem ~~hleðslumenn í flugeldhúsi~~ hjá Icelandair í Keflavík til 31. janúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

Fyrsti fundur hvers hóps verði boðaður í húsakynnum ríkissáttasemjara þar sem vinna hópsins verður skipulögð, metið verði umfang verkefnis og þörf á undirhópum. Gengið verði frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verð lokið í samræmi við þá tímasetningu sem kemur fram í verkátun.

Hvor aðili getur óskað eftir liðsinni ríkissáttasemjara við fundarstjórn, ef þörf er á.

	Verkefni hefst	Verkefni lýkur
Uppbygging launataxta	desember 2022	desember 2022
Vinnutími	12. janúar. 2023	9. nóvember 2023
Önnur mál (einkennisfatnaður, trúnaðarmenn, hvíldartími ofl.)	19. janúar 2023	14. desember 2023

Launatafla

FARÞEGA OG HLEÐSLUÞJÓNUSTA SBC SBC

Byrjunarlaun	431.086
Eftir 1 árs starf	436.905
Eftir 3 árs starf	446.174
Eftir 5 ára starf	453.502
Eftir 10 ára starf	457.813

Með fyrirvara um samþykki Icelandair



